

5. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði 02.09 2014, kl. 13.30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf. Þorvarður Ingimarsson er fjarverandi og mætti Magnhildur Björnsdóttir 1. varamaður í hans stað.

Oddviti setti fund.

1. Skýrsla oddvita

2. Afurðastöð viðarafurða á Austurlandi

Tölvupóstur formanns Félags skógarbænda á Austurlandi 20.08

3. Skólamál

- a) Drög að viðauka við samstarfssamningu um starfsemi Hallormsstaðaskóla
- b) Ósk um greiðslubátttöku Fljótsdalshrepps vegna grunnskólagöngu nemenda í öðru sveitarfélagi

4. Aðalfundur SSA 2014

5. Bréf

Vegagerðin dags. 21.08

6. Fundargerðir

- a) Fjallskilanevnd 27.08
- b) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 18.08

7. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Oddviti var í Reykjavík 6. ágúst og fundaði með lögmanni sveitarfélagsins og Landmótun vegna aðalskipulagstillögu.

Oddviti var í fríi 12.-15. ágúst, varaoddviti sá um afleysingu á skrifstofu.

Vegna gosóróa í Bárðarbungu og nálægum svæðum fundaði fjallskilanevnd með fjáreigendum 26. ágúst og ákvað eftir þann fund að smalanir færu fram á þeim afréttarsvæðum sem fjarst lægju byggð, þannig að styttri tíma tæki að smala fé til byggða ef nauðsyn bæri til s.s ef til öskufalls kæmi.

Oddviti sat fund sem starfsháttanefnd Austurbrúar boðaði til á Egilsstöðum 22. ágúst, verið var að ræða drög að tillögum um endurskipulagningu á stjórnarskipulagi og starfsemi Austurbrúar ses. Tillögur starfsháttanefndar hafa nú borist aðildarsveitarfélögum til umsagna.

Oddviti og Anna Jóna sátu fyrir hönd Fljótsdalshrepps kynningar-og upplýsingafund sem Rarik hélt á Egilsstöðum 28.ágúst.

Sléttað var og þökulagt 120 m² svæði við Laugarfellsskála til að bæta tjaldaðstöðu, en eftir er að malbera afleggjara að svæðinu og bera mól í bílastæði þar við. Síðar í haust er einnig fyrirhugað að koma ræsi í vegi betur fyrir, en til þess þarf að rjúfa veginn og því verður það ekki gert fyrr en ferðamönnum fækkar á svæðinu.

Í Fjallaskarði hefur verið unnið við að lagfæra neysluvatnsveitu, einnig hefur verið borin mól í afleggjara og sett upp fánastöng við nýja skálann og mastur fyrir sólar og vindrafal norðan við skálann. Áhugi er á að skipta út bráðabrigðahúsi sem sett var yfir rafstöð og færa um leið rafstöðina fjær torfhúsunum.

Vinnu við ferða app/Pocet Guide , ferðalýsingu í Fljótsdal, sem Steingrímur Karlsson hefur að mestu unnið fyrir Fljótsdalshrepp er nú nánast lokið og verður afgreitt til uppfærslu í kerfi Pocet gudie á næstu dögum. Vonir stóðu til að það yrði fyrr tilbúið svo appið nýttist í sumar, en vinnan tók lengri tíma en áætlað var. Fyrir næsta vor þarf svo að vinna að markaðssetningu og auglýsingu á þessum leiðsagnamöguleika. Í ferðalýsingunni er kynnt þjónusta í sveitarfélaginu, áhugaverðir staðir og ýmsar munnmælasögur. Kerfið byggir á texta (lesnum og rituðum á íslensku og ensku) og myndum og staðsetningar eru gps merktar.

Jafnréttisstofa minnir sveitarfélög á að hafa í huga jafnan rétt kvenna og karla og hvetur sveitarstjórnir til að mæta á árlegan landsfund sem Jafnréttisstofa boðar til.

Framkvæmdastýra „100 ára afmælis kosningaréttar kvenna“ hvetur sveitarfélög til að minnast þeirra tímamóta.

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um náttúruverndarnefndir sveitarfélaga. Í Fljótsdalshreppi fer sveitarstjórn með þann málaflokk.

Samband íslenskra sveitarfélaga býður sveitarstjórnarfulltrúum upp á námskeið í október , fyrirhugað er að haldin verði námskeið í öllum landshlutum.

Í reglubundnu eftirliti HAUST með félagsheimilinu Végarði var bent á að hafur í eldhúsi þarfnist þrifa, ekki eru aðrar athugasemdir gerðar.

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið minnir á dag íslenskrar náttúru 16. september.

2. Afurðastöð viðarafurða á Austurlandi

Tölvupóstur formanns Félags skógarbænda á Austurlandi 20.08, þar sem spurt er hvort Fljótsdalshreppur vilji taka þátt í verkefni um afurðastöð viðarafurða á Austurlandi. Tilgangurinn með verkefninu er að gera viðarmagnsúttekt, markaðsgreiningu og tækjagreiningu vegna afurðamiðstöðvar skógarafurða á Austurlandi, og í framhaldi af því og á grundvelli niðurstaðna þeirra verkþátta að stofna til slíkrar stöðvar. Ákvörðun um stofnun afurðamiðstöðvar verður ekki tekin nema með formlegri afgreiðslu aðstandenda verkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir að gerast aðili að verkefninu með framlagi upp á 250.000 kr. sem gert verði ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2015.

3. Skólamál

- a) Drög að viðauka við samstarfssamning um starfsemi Hallormsstaðaskóla 01.01.2010. Farið yfir drögin og lagðar til lítilsháttar breytingar á 2. grein viðaukasamnings og á 6. grein, hvað varðar orðalag um sameiginlegan kostnað vegna Egilsstaðaskóla, ákvæðið verði gert skýrara. Einnig lagt til að fellt verði út úr upphafssetningu í viðaukanum „undir stjórn skólastjóra Egilsstaðaskóla“ þar sem það kemur fram í 2. grein. Þá þarf að breyta 4. grein í gildandi samningi þar sem gert er ráð fyrir aðkomu skólanefndar, en nefndin hefur verið lögð niður. Drögin að öðru leyti samþykkt og oddvita falið að koma breytingartillögum á framfæri og skrifa undir endanlegan viðaukasamning fyrir hönd Fljótisdalshrepps.
- b) Ósk um greiðsluþátttöku Fljótisdalshrepps vegna grunnskólagöngu nemenda í öðru sveitarfélagi. Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir sækja um greiðsluþátttöku Fljótisdalshrepps vegna skólagöngu Tryggva Þórs í Egilsstaðaskóla, Fljótisdalshéraði skólaárið 2014-2015. Samþykkt.
- c) Samþykkt að fulltrúar sem voru skipaðir í Skólanefnd Hallormsstaðaskóla verði fulltrúar Fljótisdalshrepps í fræðslunefnd Fljótisdalshéraðs, en Skólanefnd Hallormsstaðarskóla hefur verið lögð niður. Aðalfulltrúar eru Lárus Heiðarson og Hallgrímur Þórhallsson, til vara Anna Bryndís Tryggvadóttir og Magnhildur Björnsdóttir.

4. Aðalfundur SSA 2014

Aðalfundurinn verður haldin á Vopnafirði 19. og 20. september.

5. Bréf

Vegagerðin dags. 21.08. Varðar viðhald girðinga meðfram vegum í sveitarfélögum og kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar. Vegagerðin óskar eftir að sveitarfélagið skili inn lista yfir nöfn landeigenda og jarða ásamt kennitölum og bankaupplýsingum, Vegagerðin telur að ekki sé fullnægjandi að skila inn lista yfir þær jarðir sem um er að ræða eins og vinnureglan hefur verið. Sveitarstjórn telur sig ekki í rétti með að afhenda umbeðnar upplýsingar.

6. Fundargerðir

- a) Fjallskilanevnd 27.08. Kynnt.
- b) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 18.08. Kynnt.

7. Önnur mál

- a) Drög að tillögum starfsháttanefndar um endurskiplagningu á stjórnskipulagi og starfsemi Austurbrúar ses. Send til umsagnar og athugasemda stofnaðila. Athugasemdafrestur er til 5. september 2014. Sveitarstjórn telur að tillögur starfsháttanefndar séu til bóta.
- b) Varaoddviti leysir oddvita af í næstu viku 8-12 september.

- c) Samkvæmt aflestri af talningamæli við Hengifossá hafa um mánaðarmót ágúst /september um 37 þúsund manns gengið að Hengifossi í sumar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17:30
Fundargerð rituð í tölvu , fundarritari Lárus Heiðarsson

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)